

# Reglur um markaðssetningu raffanga

Ábyrgð og skyldur rekstraraðila



## Formáli

Öll rafföng sem markaðssett eru á Íslandi skulu uppfylla ákvæði um öryggi sem fram koma í reglugerð um raforkuvirki, nr. 678/2009 (7. gr.) og einnig ákvæði um rafsegulsamhæfi sem sett eru fram í reglugerð um sama efni, nr. 303/2018.

Ofangreindar reglugerðir eru annars vegar byggðar á lágspennutilskipun Evrópusambandsins, 2014/35/ESB (LVD<sup>1)</sup>) og hins vegar á tilskipun Evrópusambandsins um rafsegulsamhæfi, 2014/30/ESB (EMC<sup>2)</sup>). Sömu reglur gilda því að mestu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem samanstendur af Evrópusambandinu (ESB), Íslandi, Liechtenstein og Noregi, um þau rafföng sem falla undir tilskipanir ESB og staðfestar hafa verið af sameiginlegu EES-nefndinni.

Framleiðendur og/eða innflytjendur bera ábyrgð á að ákvæðum ofangreindra reglugerða sé fylgt. Faggiltar skoðunarstofur í umboði rafmagnsöryggissviðs Mannvirkjastofnunar sjá með virkri markaðsgæslu til þess að rafföng uppfylli þau skilyrði sem sett eru í reglugerðunum.

Í riti þessu er fyrst og fremst fjallað um rafföng sem falla undir ofangreindar tilskipanir ESB (LVD og EMC). Ritið er til leiðbeiningar og er hvorki tæmandi né lagalega bindandi.

1) LVD (Low Voltage Directive): Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða fram á markaði rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarkna.

2) EMC (ElectroMagnetic Compatibility): Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsamhæfi.



## Framleiðandi ...

- má einungis setja á markað rafföng sem hönnuð eru og framleidd í samræmi við grunnkröfur viðkomandi tilskipana
- skal framkvæma samræmismat og útbúa tæknigögn
- skal, ef sýnt er fram á að ákvæðum viðkomandi tilskipana er fullnægt, útbúa ESB-samræmisfirlýsingu (EU declaration of conformity) og festa CE-merkinguna á öll eintök raffanga
- skal hafa ofangreind gögn, tæknigögn og ESB-samræmisfirlýsingu, aðgengileg fyrir eftirlitsstjórnvöld í að minnsta kosti 10 ár eftir að raffang hefur verið sett á markað
- skal tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi við ákvæði tilskipana, s.s. með innra framleiðslueftirliti
- skal tryggja að á rafföngum sé auðkenning sem gerir rekjanleika mögulegan, t.d. vörumerki, gerðarmerking, raðnúmer o.þ.h.
- skal skrá á rafföng nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann. Sé ekki mögulegt að hafa þessar upplýsingar á rafföngunum skulu þær vera á umbúðum þeirra eða í skjali sem fylgir þeim

Framleiðandi getur tilnefnt viðurkenndan fulltrúa sinn með skriflegu umboði. Viðurkenndur fulltrúi getur innt af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboði framleiðandans, þó ekki það sem lýtur að hönnun og framleiðslu í samræmi við grunnkröfur og gerð tæknigagna.

## Innflytjandi ...

- má einungis setja á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum viðkomandi tilskipana
- skal tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt viðeigandi samræmismat, útbúið tæknigögn og ESB-samræmisfirlýsingu, að rafföng beri CE-merkingu og að allar kröfur varðandi merkingar og upplýsingar, þ.m.t. um öryggismál, séu til staðar
- skal hafa tiltæk afrit af ESB-samræmisfirlýsingum, vottorðum og tæknigögnum í að minnsta kosti 10 ár eftir að raffang hefur verið sett á markað
- skal skrá á rafföng nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við hann. Sé ekki mögulegt að hafa þessar upplýsingar á rafföngunum skulu þær vera á umbúðum þeirra eða í skjali sem fylgir þeim

## Dreifingaraðili ...

- skal gæta þess vandlega að setja einungis á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum viðkomandi tilskipana
- skal tryggja að rafföng beri CE-merkingu og að allar kröfur varðandi merkingar og upplýsingar, þ.m.t. um öryggismál, séu til staðar

## Rekstraraðili (framleiðandi, innflytjandi og dreifingaraðili) ...

- skal gæta þess vandlega að setja einungis á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum viðkomandi tilskipana
- skal halda skrá yfir öll rafföng sem hann hefur á boðstólum og einnig skrá yfir þá rekstraraðila sem hann afhendir rafföng og sem afhenda honum rafföng

CE

CE-merkingin er yfirlýsing framleiðanda um að varan uppfylli kröfur tilskipana sem um hana gilda á Evrópska efnahagssvæðinu



## Í ESB-samræmisýfirlýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans
- að útgáfa samræmisýfirlýsingarinnar sé á ábyrgð framleiðandans eingöngu
- auðkenning raffangs sem gerir rekjanleika mögulegan, t.d. tegund, vörumerki, gerðarmerking, raðnúmer o.þ.h.
- að raffangið sem lýst er sé í samræmi við viðkomandi tilgreindar tilskipanir
- tilvísun í samhæfða evrópska staðla. Þegar samhæfðum evrópskum stöðlum er ekki að fullu beitt skal vísað í þau tækniákvæði sem samræmisýfirlýsingin byggir á eða þær ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að tryggja samræmi við ákvæði tilskipananna
- undirskrift og auðkenni undirritunaraðila sem hefur heimild til að skuldbinda framleiðanda eða viðurkenndan fulltrúa hans

## Tæknigögn skulu a.m.k. innihalda:

- almenna lýsingu á raffanginu
- frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.
- lýsingar og skýringar sem nauðsynlegar eru til að skilja umræddar teikningar og myndir og til að átta sig á notkun raffangsins
- skrá yfir samhæfða evrópska staðla sem notaðir eru í heild sinni eða að hluta til og sé þeim ekki að fullu beitt, lýsingar á þeim lausnum sem gripið er til í því skyni að uppfylla grunnkröfur, þ.m.t. skrá yfir tækniforskriftir sem beitt var
- prófunarskýrslur, hönnunarútreikningar, niðurstöður rannsókna o.þ.h.

## CE-merkingin

CE-merkingin er yfirlýsing framleiðanda um að varan uppfylli kröfur tilskipana sem um hana gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og að við mat á samræmi hafi verið beitt þeim aðferðum sem tiltekna eru í viðkomandi tilskipunum.

Um CE-merkinguna gilda ákveðnar reglur varðandi lögum, stærð og þess háttar.



Mannvirkjastofnun hefur meðal annars yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum á Íslandi, skoðunum á raforkuvirkjum, neysluveitum, öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og markaðseftirliti raffanga. Auk þess löggildir stofnunin rafverktaka, annast skráningu og rannsóknir á slysum og tjóni af völdum rafmagns og annast útgáfu á kynningar- og fræðsluefni er varðar rafmagnsöryggi.

Mannvirkjastofnun  
rafmagnsöryggissvið  
2018